



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

1. Reglur um seinkun á upphafi grunnskólagöngu við Stóru-Vogaskóla

1.1 Foreldrar/forsjáraðilar sækja skriflega um seinkun á upphafi grunnskólagöngu til skólastjóra. Sótt er um seinkun á því almanaksári sem barnið verður sex ára, eigi síðar en 1. febrúar á því ári sem grunnskólaganga á að hefjast. Umsóknarform er á skrifstofu skólans.

1.2. Skólastjóri óskar skriflega eftir umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla, hafi barnið sótt leikskóla, innan viku frá því að umsókn um seinkun berst.

Í umsögn leikskóla þarf að koma fram:

1. Almenn umsögn um þroskastöðu barnsins.
2. Greinargerð um leikskólanám barnsins (ef unnið hefur verið eftir einstaklingsnámskrá hver hafa markmið verið og framfarir).
3. Upplýsingar um félagslega stöðu barnsins innan barnahópsins.
4. Ef um seinkun er að ræða: Hvaða þroskaframfarir telur leikskólinn að náist frekar í leikskóla en grunnskóla?
5. Styður leikskóli umsókn foreldra/forsjáraðila?

Í umsögn sérfræðipjónustunnar þarf að koma fram:

1. Upplýsingar um ráðgjöf sem sérfræðipjónustan hefur veitt vegna barnsins.
2. Upplýsingar um aðkomu sérfræðipjónustan að greiningum vegna barnsins.
3. Almenn umsögn um þroskastöðu barns (æskilegt er að samráð sé haft við aðra sérfræðinga og stofnanir í þeim tilfellum sem það á við):
 - a. *Almenn námshæfni:* Almenn kunnátta barnsins er seinkuð og hún ekki aldursvarandi.
 - b. *Félagsþroski:* Hvaða félagslega hæfni skortir hjá barninu.
 - c. *Málþroski:* Staða og æskilegt er að mat talmeinafræðings liggja fyrir á stöðu barnsins (eigi það við).
 - d. *Vitsmunaproski:* Hver seinkaður vitsmunaproski barnsins mælist og heildartala greindar er (alla vega undir 70/75 á viðurkenndum mælitækjum, s.s WPPSI-R).
 - e. *Líkamleg heilsa og þroski.* Mat er lagt á líkamlega heilsu og hreyfifærni. Æskilegt er að fyrir liggja athugun á þessum þáttum, sem gerð hefur verið t.d. á vegum heilsugæslu eða hjá barnalækni/sjúkraþjálfara/ iðjuþjálfara.
4. Hvaða þroskaframfarir telur sérfræðipjónustan að náist frekar í leikskóla en í grunnskóla?
5. Styður sérfræðipjónustan umsókn foreldra/forsjáraðila?

1.3. Umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla skal berast skólastjóra grunnskóla eigi síðar en tveimur mánuðum frá því að beiðni barst frá skólastjóra. Umsagnirnar eru ráðgefandi.

1.4. Skólastjóri grunnskóla tekur ákvörðun um samþykki eða synjun umsóknar um seinkun að fenginni umsögn sérfræðipjónustu og leikskóla:

- i. Sé umsókn samþykkt tilkynnir skólastjóri það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og sendir afrit til fræðslunefndar og til leikskóla barnsins.
- ii. Hyggist skólastjóri synja umsókn um seinkun skal hann tilkynna foreldrum/forsjáraðilum barnsins um fyrirhugaða synjun, ásamt rökstuðningi. Gefa skal foreldrum/forsjáraðilum kost á að tjá sig um fyrirhugaða synjun í samræmi við 13. gr. stjórnarsýslulaga nr. 37/1993 (sbr. 15. og 47. gr. laga um grunnskóla nr. 91/2008).



Stóru - Vogaskóli

Virðing - Vinátta - Velgengni

- iii. Sé ákvörðun tekin um synjun umsóknar, að loknu mati á athugasemdum frá foreldrum/forsjáraðilum, skal skólastjóri tilkynna það í bréfi til foreldra/forsjáraðila og leiðbeina þeim um kærueimild til fræðslunefndar. Afrit af bréfinu er sent til fræðslunefndar Sveitarfélagsins Voga og leikskóla barnsins.
- iv. Staðfesti fræðsluráð ákvörðun skólastjóra skal leiðbeina foreldrum um kærueimild til ráðherra mennta- og menningarmála skv. 47. grein laga nr 91/2008 um grunnskóla. Afturkalli fræðslunefnd ákvörðun skólastjóra fær erindi foreldra jákvæða afgreiðslu.

Stóru-Vogaskóla, Vogum, ágúst 2015